

Fundargerð 43. ársþings USVS

haldið í Leikskálum 16. mars 2013

1. Þingsetning

Formaður Ragnheiður Högnadóttir bauð alla velkomna og setti þingið.

2. Ávarp formanns

Ragnheiður Högnadóttir flytur eftirfarandi ávarp:

Ágætu félagar

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll velkomin til 43. ársþings USVS, og þakka fyrir samstarfið á árinu 2012.

Þegar litið er til ársins 2012 stendur eftir gott ár í starfi USVS og væntingar til þess að 2013 verði ekki síðra.

Á árinu 2012 réð USVS sér framkvæmdastjór í 50 % starf og hafði þá ekki verið starfandi framkvæmdastjóri hjá okkur í nokkur ár. Til starfsins var ráðinn Kjartan Kárason og eru honum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins. Það er ómetanlegt fyrir starfið að hafa starfsmann sem að getur sinnt því sem að þarf dags daglega, en ekki alltaf allt á hlaupum í þeim takmarkaða frítíma sem að stjórnarmenn hafa frá vinnu sinni. Reynt var að fara í samstarf við Mýrdalshrepp með að tvinna saman starf framkvæmdastjóra USVS og æskulýðs og tómsfundafulltrúa hreppsins en það gekk ekki eftir að þessu sinni. Verðum bara að reyna betur síðar. Ég vil endilega hvetja aðildarfélög sambandsins til að nota sér starfskrafta framkvæmdastjóra sem best, hann er að vinna fyrir okkur öll.

Framundan er stórt ár hjá USVS. Við erum að fara að halda landsmót UMFÍ 50 + í Vík 7.-9. júní næstkomandi og því í mörg horn að líta. Við búum vel aðstöðulega séð frá því að unglingalandsmótið var hér hjá okkur 2005 og þurfum því ekki að leggja nótt við dag til þess að útbúa aðstöðu eins og þá, en getum þess heldur lagt allan kraft okkar í mótið sjálft. Það er eins og allir hér vita gríðarleg vinna að halda stórt mót sem þetta og þurfa því allir að leggjast á eitt til að vel takist til. Á þessu móti verður keppt í fjöld greina, meðal annars í golfi, pútti, hestaíþróttum og frjálsum, sem að allt eru greinar sem að heyra beint undir starfsemi aðildarfélaga

USVS. Þá verður einnig boðið upp á greinar fyrir alla aldurshópa bæði almenningshlaup og hjóltreiddar þannig að ég hvet alla til að taka þátt. Ég vonast að sjálfsögðu til þess að sjá ykkur öll og að sjálfsögðu miklu fleiri heimamenn í hópi starfsmanna þessa móts, og hlakka til að eiga með ykkur og annara gesta allstaðar af landinu ánægjulega helgi.

Stjórn hefur ákveðið að setja upp sýningu á sögu USVS í samstarfi við Kötlusetur. Von okkar er að geta í máli, myndum og munum sagt sögu USVS frá upphafi. Til þess að það geti orðið sem best þurfum við að fá frá ykkur heimildir. Það eru til ýmsar skemmtilegar sögur frá starfinu sem að gaman væri að fá og einnig myndir og muni sem að hægt væri að sýna. Sýningin mun verða opnuð formlega á landsmótinu þann 7.júní.

USVS hefur til margra ára haft skrifstofuaðstöðu á Austurvegi 15 í Vík. Nú er búið að selja húsið og við þurfum því að flytja starfseminna. Við erum svo heppin að vera búin að fá annað húsnaði en það er á efri hæð í Kötlusetri í Vík og verðum við þar með skrifstofu með forstöðumanni þess. Það er klárlega styrkur beggja að vera saman með skrifstofu, því að það er alltaf heldur einmannalegt að vera einn á starfsstöð. Eins og ég sagði hér í upphafi þá höfum við verið með framkvæmdastjóra starfandi núna í eitt ár. Því miður þá er Kjartan að fara frá okkur og lætur hann af störfum um miðjan júní n.k. því þurfum við að finna okkur annan framkvæmdastjóra sem fyrst og þá ætti einmitt að vera meira aðlaðandi að vinna á skrifstofu þar sem að maður er ekki einn öllum stundum.

Ég hlakka til skemmtilegs starfs með ykkur á árinu 2013 og segi hér með 43. ársþing USVS sett.

Íslandi allt

3. Kosning þingforseta og þingritara.

Ragnheiður gerir tillögu um Fríða Brá Pálsdóttir og Steina Harðardóttir sem þingforseta. Samþykkt.

Ragnheiður gerir einnig tillögu að Victoria Reinholdsdóttir og Kjartan Kárason verði þingritarar.

Samþykkt

Fríða Brá tekur til starfa sem þingforseti og tilkynnir að fyrst verði lesið skýrsla framkvæmdastjóra og ársreikninga og svo opnað fyrir umræður um þær.

4. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Kjartan Kárason flytur eftirfarandi skýrslu:

Ný stjórn USVS var kjörin á 42 þingi USVS 24. mars 2012 og er hún þannig skipuð:

Formaður Ragnheiður Högnadóttir

Gjaldkeri Pálmi Kristjánsson

Ritari Linda Agnarsdóttir

Meðstjórnendur Petra Kristín Kristinsdóttir og Þórunn Bjarnadóttir.

Innanhúsmót USVS fór fram á Kirkubæjarklaustri laugardaginn 26. febrúar. Alls voru 65 keppendur skráðir. Fór mótið vel fram og þökkum við öllum sjálfboðaliðum fyrir aðstoðina og keppendum fyrir þátttökuna.

Stjórnin ákvað á vormánuðum að láta gera nýja utanyfirbúninga fyrir sambandið og var þó nokkur fjöldi af fólki sem keypti búninga og boli á sig og sína nánustu.

Keppendur frá USVS tóku þátt á Unglingalandsmóti á Selfossi um Verslunarmannahelgina. Alls voru 33 keppendur frá USVS sem tóku þátt í hinum ýmsu íþróttagreinum. Heppnaðist mótið vel í alla staði og fóru allir ánægðir heim og strax farnir að hlakka til næsta móts sem verður á Höfn í Hornafirði.

Íþróttahátíð USVS fór fram á Víkurvelli laugardaginn 25. ágúst. Þar voru 38 keppendur skráðir til leiks. Veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir, kalt var í veðri og blautt. Í fyrsta skipti var keppt í fleiri greinum en frjálsum íþróttum, á sunnudeginum var keppt í golfi og hestaíþróttum en hætt var við keppni í fótbolta vegna veðurs á laugardeginum. Eftir frjálsíþróttamótið var haldin grillveisla og verðlaunaafhending fór fram í íþróttahúsinu.

UMF Katla og UMF Ármann fengu í sameiningu úthlutað styrk úr Æskulýðssjóð USVS vegna æfingaferðar sem félögin ætluðu í saman. Það fór svo þannig að UMF

Árman komst ekki með í ferðina og fær UMF Katla því aðeins helminginn upphæðinni sem sjóðurinn úthlutaði. Einnig fékk Hmf. Kópur úthlutað 100.000 kr. styrk vegna fræðsluverkefnis.

Þetta er það helsta í starfi USVS á árinu 2012 en auk þessa áttum við keppendur á hinum ýmsu mótum utan héraðs sem kemur fram í starfsskýrslum félaganna.

Framkvæmdastjóri og Stjórn USVS þakkar ykkur öllum fyrir gott starf á árinu 2012.

Íslandi allt.

5. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

Tillaga frá stjórn um kjörbréfanefnd: Kristín Lárusdóttir, Vilborg Smáradóttir og Bergur Sigfússon. Samþykkt.

6. Ársreikning Sambandsins

Pálmi Kristjánsson les reikninga sambandsins. Reikningar samþykktir.

7. Álit kjörbréfanefndar

Kristín Lárusdóttir formaður fer fyrir kjörbréfanefnd. Les hann nöfn þingfulltrúa og þeir rísa úr sætum.

Hestamannafélagið Sindri:

Petra Kristín Kristinsdóttir, Ásta Alda Árnadóttir, Vilborg Smáradóttir, Hjördís Rut Jónsdóttir og Þorsteinn Björn Einarsson.

Ungmennafélagið Ármann:

Ungmennafélagið Katla:

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir, Birna Kristín Pétursdóttir, Sæmunda Ósk Fjelsted, Ástþór Jón Tryggvason og Sabina Victoria Reinholdsdóttir

Hestamannafélagið Kópur:

Kristín Ásgeirsdóttir, Kristín Lárusdóttir, Ásgerður G. Hrafnadóttir, Svanhildur Guðbrandsdóttir

Ungmennafélagið Skafti:

Sigurður Sverrisson, Elía Bergrós Sigurðardóttir, Bergur Sigfússon, Steina Harðardóttir

Golfklúbburinn Vík:

Pálmi Kristjánsson

Golfklúbburinn Laki:

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir kjörbréf og leggur til að þau verða samþykkt.

Kjörbréf samþykkt.

8. Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar

Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar:

Spurningar varðandi launalið, akstur starfsmanna og lottotekjur – Kjartan svaraði því.

Spurning varðandi styrk til Hestamannafélagsins Kóps, af hverju hefur ekki verið úthlutað. Kjartan svarar að fyrst þarf að koma inn skýrsla yfir verkefnið sem verið er að styrkja.

Reikningar og skýrsla stjórnar voru bornar undir atkvæðagreiðslu og voru samþykktir einróma.

9. Erindi frá sambandi ÍSÍ.

Gustaf Adolf Hjaltason fulltrúi ÍSÍ hélt erindi.

Sagt frá starf ÍSÍ á síðasta ári.

Farið yfir það sem er inni á heimasíðu ÍSÍ sem er í boði fyrir ungmennafélögin.

Gaf aðildarfélögunum hvatningarorð að lokum.

10. Kynning á Landsmóti UMFÍ 50+

Kjartan kynnr Landsmót UMFÍ 50+ sem verður haldið í Vík 7.-9.júní.

9. Kosnar nefndir

Tillögur um formenn nefnda

- | | | |
|----|------------------|--------------------------------|
| a) | Íþróttanefnd: | formaður Petra Kristinsdóttir |
| b) | Fjárhagsnefnd: | formaður Vilborg Smáradóttir |
| c) | Allsherjarnefnd: | formaður Kristín Ásgeirsdóttir |

- d) Kjörnefnd formaður Kristín Lárusdóttir
e) Laganefnd: formaður Steina Harðardóttir

10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Pálmi lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2013

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum

Stjórn USVS leggur fram breytingartillögu sem tengist vali á íþróttamanni ársins. Stjórnin vill bæta því við reglugerðina eftirfarandi texta:

„Ef stjórn USVS telur að engar frambærilegar tilnefningar hafi borist þá áskilur hún sér rétt til þess að sleppa vali á íþróttamanni ársins það árið.“

UMF Katla leggur fram eftirfarandi tillaga:

43. Sambandsþing USVS haldið í leikskálum í Vík laugardaginn 16. mars, samþykkir að fela stjórn USVS að setja saman stuttar en hnitmiðaðar leiðbeiningar fyrir þá sjálfboðaliða sem taka það að sér að vera starfsmenn á mótum USVS. Leiðbeiningarnar skulu fjalla um hverja grein fyrir sig og telja til hvað telst ógilt í hverri grein, hvernig skulu dæma árangur og í þeim tilfellum sem við á, hvernig skuli mæla stökk lengdir nákvæmt. Imprað skal á mikilvægi þess að unnið sé rétt eftir leiðbeiningunum. Leiðbeiningar skuli svo vera sýnilegar starfsmönnum við hverja grein á mótum.

Greinagerð:

Á mótum USVS eru sjálfboðaliðar fengnir sem starfsmenn til að skrá og mæla árangur í greinum mótsins. Oftar en ekki eru það velviljaðar foreldrar sem veljast til starfsmanna, margir þeirra eru mjög eðlilega ekki meðvitaðir um það hvernig keppni skal fara fram m.t.t. hvort stökk eða kast skuli dæmt ógilt og mælinga á lengdum stökkva. Það kom m.a. nokkuð vel í ljós á innanhúsmót USVS þann 9. Mars síðastliðinn. Þess vegna væri það auðveld lausn að taka saman í leiðbeiningarskjal í stórum dráttum hvað teljist til ógildingar í hverri grein og að útskýra mikilvægi þess að mælingar séu nákvæmar. Þessir leiðbeiningar væru svo öllum aðgengilegar við hverja grein á mótum.

Umræður

12.Þinghlé – hádegisverður

Eftir hádegi voru tillögur afgreiddar frá nefndum. Fyrstur steig í pontu var Pálmi Kristjánsson og kynnti hann vinnu fjárhagsnefndar.

13.Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu

Íþróttanefnd fær tillögur 7 og 8, til athugunar.

Fjárhagsnefnd fær tillögu 1 til athugunar.

Allherjarnefnd fær tillögur 2 , 3 og 4 til athugunar.

Laganefnd fær tillögu 9 til athugunar.

Fjárhagsnefnd fær tillögu 5 og 6 til athugunar.

Tillaga nr: 1

Rekstraráætlun.

43.sambandsþing USVS samþykkir meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir árið 2013:

Fjárhagsáætlun USVS 2013

Tekjur	
Styrkir	600.000 kr.
Lottó	1.900.000 kr.
Tekjur af mótum	1.000.000 kr.
Aðrar tekjur	800.000 kr.
Tekjur alls	4.300.000 kr.

Gjöld	
Húsaleiga	240.000 kr.
Laun	1.800.000 kr.
Annar starfsmanna kostnaður	150.000 kr.
Kostnaður vegna móta	200.000 kr.
Styrkir til aðildafélaga	500.000 kr.
Heimasíða	150.000 kr.
Bókhalds, tölvu og tækniástoð	50.000 kr.
Ferðakostnaður	300.000 kr.
Ársping	50.000 kr.
Ýmis gjöld	100.000 kr.
Gjöld alls	3.540.000 kr.
Hagnaður/Tap	760.000 kr.

Rekstraráætlun USVS 2013

Samþykkt ath. Breytingar

Tillögur fjárhagsnefndar:

Nefndin gerir tillögur um smávægilegar breytingar á fjárhagsáætlun.

Tillögur nr 5 og 6 haldast óbreyttar.

Tillaga nr: 5

43.sambandsþing USVS samþykkir að þakka Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu styrkveitingu á árinu 2012.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr: 6

43.sambandsþing USVS samþykkir að stjórn USVS sækir um styrk að fjárhæð 500 þúsund til héraðsnefndar V-Skaftafellssýslu.

Samþykkt samhljóða

Tillögur Allsherjarnefndar

Kristín Ásgeirsdóttir kom næst upp og talaði fyrir Allsherjanefnd og leggur til að þær tillögur sem vísaðar voru til allsherjarnefndar verði samþykktar.

Tillaga nr: 2

2. 43.sambandsþing USVS samþykkir að þakka öllum þeim fjölda keppenda og fjölskyldna og annarra á vegum USVS sem fóru á Unglingalandsmót á Selfossi 2012 fyrir myndarlega þátttöku og fyrirmyndar frammistöðu jafnt á íþróttasvæðunum sem tjaldbúðunum.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr: 3

43.sambandsþing USVS samþykkir að hvetja til myndarlegrar þátttöku á 16. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Höfn í Hornafirði dagana 2.-4.ágúst n.k.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr: 4

43.sambandsþing USVS samþykkir að hvetja til myndarlegrar þátttöku á 3. Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið verður í Vík 7.-9.júní n.k.

Samþykkt samhljóða

Tillögur Íþróttanefndar

Petra Kristinsdóttir kom upp fyrir hönd íþróttanefndar lagði fram eftirfarandi tillögur:

Tillaga nr: 7

42.sambandsþing USVS samþykkir meðfylgjandi tillögur að mótaskrá fyrir 2012-2013:

Íþróttahátið USVS 13. júlí, frjálsíþróttamót USVS 23. feb 2014, sambandsþing USVS 30. mars 2014.

Breytingatillaga: nafn breytt úr mótaskrá yfir í viðburðarskrá. - samþykkt

Brytingar tillaga: 30. mars 2014 brytt yfir í 29. mars 2014 – samþykkt

Tillaga nr7. **samþykkt í heild sinni.**

Tillaga nr 8: UMFKatla leggur fram eftirfarandi tillaga:

43. Sambandsþing USVS haldið í leikskálum í Vík laugardaginn 16.mars, samþykkir að fela stjórn USVS að setja saman stuttar en hnitmiðaðar leiðbeiningar fyrir þá sjálfboðaliða sem taka það að sér að vera starfsmenn á mótum USVS. Leiðbeiningarnar skulu fjalla um hverja grein fyrir sig og telja til hvað telst ógilt í hverri grein, hvernig skulu dæma árangur og í þeim tilfellum sem við á, hvernig skuli

mæla stökk lengdir nákvæmt. Imprað skal á mikilvægi þess að unnið sé rétt eftir leiðbeiningunum. Leiðbeiningar skuli svo vera sýnilegar starfsmönnum við hverja grein á mótum.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr 10: 43.sambandsþing USVS samþykkir að hvetja til myndarlegrar þáttöku á Reykjavíkurlaikum 2014 sem haldnir eru í janúar ár hvert í Reykjavík.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr 11: 43. Sambandsþing USVS samþykkir að haldið verði íþróttamót utanhúss þar sem USVS keppi við utanaðkomandi félög t.d. Dímon á Hvolsvelli, þar sem keppt er í hefðbundnum og óhefðbundnum greinum.

Samþykkt samhljóða

Tillögur laganefndar

Steina Harðardóttir kom upp fyrir hönd laganefndar og nefndin leggur fyrir sínar tillögur:

Tillaga nr:9 Stjórn USVS leggur fram breytingartillögu sem tengist vali á íþróttamanni ársins. Stjórnin vill bæta því við reglugerðina eftirfarandi texta: (fjórðu grein liður d)

„Ef stjórn USVS telur að engar frambærilegar tilnefningar hafi borist þá áskilur hún sér rétt til þess að sleppa vali á íþróttamanni ársins það árið.“

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr 12: 43.sambandsþing samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um æskulýðssjóð.

8. grein.

Þeir sem hljóta fjárveitingu úr Æskulýðssjóði skuli fá styrkinn greiddan að loknu ársþingi og skila skýrslu um framkvæmd og árangur verkefninsins til sambandsstjórnar USVS eigi síðar en einu ári síðar. Ef styrkþegi skilar ekki skýrslu um verkefnið áskilur USVS sér rétt til þess að krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Samþykkt samhljóða

15.Önnur mál

a) Vilborg vill aftur vekja umræðu um tillaga sem var borin upp á ársþing USVS 2012 um fækkun fulltrúa á þingi, og var þá felld með 11 atkvæðum á móti 10. Vilborg óskar eftir rökum fyrir því af hverju tillagan var felld.

Ragnheiður svarar og bendir á að með fækkun mundi hugsanlega þingin verða afar fámenn.

Kjartan leggur til að tilvalið sé að hvert félag sendi sína stjórn sem fulltrúa á þing, og að aðalfundur hvers félags ákveður hverjir fulltrúar eiga að vera.

Bergur tekur til máls og segist ekki telja það líklegt að betri þing fáið með því að fækka mönnum og leggur til að tillögunni verði vísað frá. Borið til atkvæðugreiðslu.

Tillaga Vilborgar felld með 9 atkvæðum á móti 5.

b) Kristín Lárusdóttir vekur umræðu um ferðastyrki sem hægt er að sækja um fyrir keppnisferðir og óskar eftir leiðbeiningar frá USVS um hvernig á að sækja um.

Einnig lýsir hún þær erfiðleikar sem ungmannafélagi Ármann hafa lent í með að æfa frjálsum íþróttum og undirbúa fyrir mót, og biður um aðstoð.

Áspór Jón bendir á að þessi frásögn Kristínar passar illa við ársskýrslu Ármanns þar sem talað er um frjálsíþróttæfingar á skólatíma.

Kjartan upplýsir um að íþróttafélögin geta sótt um styrki sem gilda fyrir íþróttamót á landsvísu og er þá greitt fyrir fjölda kílómetra sem þarf að fara.

c) Kristín Ásgeirsdóttir geri tillögu um að sambandsþing sendi bréf til sveitarstjórnnum og æskulýðsnefndum sveitarfélaga og heimtar að eflað verði æskulýðs- og tómstundastarf í sveitarfélögum.

d) Tillaga nr 13:

43. sambandsþing USVS hvetur Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp til samstarfs við USVS um að ráða starfsmann í heila stöðu sem sinni starfi íþrótt- og tómstundafulltrúa sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjórn USVS.

Samþykkt.

16. Kosningar

Kjörnefnd kemur með tillögu að formanni USVS og 4 aðalmönnum í stjórn og 3 til vara.

Kosinn formaður

Ragnheiður Högnadóttir býður sig fram og er klappað fyrir henni.

Framboð:

Aðrir sem buðu sér fram í aðalstjórn voru:

Pálmi Kristjánsson, Petra Kristín Kristinsdóttir, Ástþór Jón Tryggvason, Þorsteinn M. Kristinsson og Erla Þórey Ólafsdóttir. Kjörseðlum var dreift og féllu atkvæði eins og hér segir:

1. Pálmi Kristjánsson, 17 atkvæði
2. Petra Kristín Kristinsdóttir, 17 atkvæði
3. Erla Þórey Ólafsdóttir, 16 atkvæði
4. Ástþór Jón Tryggvason, 11 atkvæði
5. Þorsteinn M Kristinsson 10 atkvæði

Aðrir kosnir í aðalstjórn

Ástþór Jón Tryggvason

Erla Þórey Ólafsdóttir

Pálmi Kristjánsson

Petra Kristín Kristinsdóttir

Varastjórn:

Ásta Alda Árnadóttir

Elías Guðmundsson

Kristín Ásgeirsdóttir

Skoðunarmenn

Sigmar Helgason og Fanney Ólöf Lárusdóttir

17.Þingslit

Ragnheiður Högnadóttir kvaddi sér hljóð. þakkaði fyrir gott þing og sleit þingin.

Eftir þingið var boðið upp á kaffihlaðborð og efnilegasti- og íþróttamaður ársins hjá USVS tilkynntir.

Það voru:

- Íþróttamaður ársins er Þorsteinn Björn Einarsson
- Efnilegasti íþróttamaður ársins er Svanhildur Guðbrandsdóttir

Fundaritarar:

Sabina Victoria Reinholdsdóttir

Kjartan Kárason